

Strax að lokinni fjárnámsgerð þessari, átti nefndur skrifstofustjóri samtál við hrl. Einar Ásmundsson og skýrði honum frá, hvað gerzt hafði. Hringdi þá Einar til kærða, sem neitaði að tala við hann um málið og skellti heyrnartólinu á simann.

Kærði heldur því fram, að greiðslustaður fyrrgreinds hæstaréttardóms hafi verið hjá sér og greiðsludráttur firmans Höjgaard & Schultz hafi verið réttarbrott gagnvart h/f Fiski og Ís. Jafnframt hefur hann ásakað kæranda um óviðeigandi framkomu gagnvart sér í sambandi við önnur mál, kærumáli þessu óviðkomandi. Neitar hann því eindregið, að hann hafi gerzt sekur um framferði, sem lögmannastéttinni sé ósamboðin.

Jafnvel þótt fallið verði á það með kærða, að greiðslustaður fyrrgreinds málskostnaðar hafi verið hjá honum, þá þykir þó ekki hafa verið tilefni til þess, eins og á stóð fyrir kærða, að láta innheimta dóm þenna á þann hátt, sem að framan er lýst. Þegar á það er einnig litið, að hér var um að ræða viðskipti tveggja félagsmanna Lögmannafélags Íslands, sbr. 4. gr. samþykpta félagsins, og enn fremur það, að ítrekaðar yfirlýsingar lágu fyrir af hálfu kæranda eða félaga hans um, að sjálfsagt væri að greiða dóminn gegn kvittun á endurrit hans, og loks með tilliti til annarra atvika málsins, þá þykir ekki verða hjá því komið að átelja framangreint athæfi kærða, sbr. 3. mgr. 8. gr. 1. nr. 61/1942. Hins vegar þykir ekki næg ástæða til að taka til greina sektarkröfu kæranda.

Því úrskurðast:

Framangreind framkoma hrl. Magnúsar Thorlacius telst ámælisverð.

Mánudaginn 4. febrúar 1946.

Nr. 108/1945. **Valdstjórnin** (Hrl. Magnús Thorlacius)
gegn

Ingibjarti Helga Magnússyni
(Hrl. Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, ber að sýkna kærða af broti gegn lögum nr. 33/1935.

Frásögn kærða er á þá leið, að hann hafi setið að sumbli

aðfaranótt laugardagsins 2. september og orðið þá ofurölvi. Kveðst hann síðan hafa sofið í nokkrar klukkustundir, eða til kl. 17 um daginn. Um kvöldið hafi hann síðan ekið á bifreið sinni, R 2451, austur að Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Hann hefur neitað því, að hann hafi drukkið vin frá því snemma á laugardagsmorgun, en jatar, að sér hafi í förinni til Tryggvaskála liðið illa vegna vındrykkjunnar aðfaranótt laugardagsins. Blóðsýnishorn var tekið úr kærða milli kl. 4 og 5 aðfaranótt sunnudagsins 3. september. Reyndist áfengismagn í blóði hans 1,25‰. Samkvæmt álitsgerð Jóhanns yfirlæknis Sæmundssonar, sem lögð hefur verið fram í hæstarétti, er sennilegt, að áfengismagn í blóði kærða, er hann hóf akstur laugardaginn 2. september, hafi ekki verið undir 1,74‰, og er þá miðað við þá skýrslu kærða, að hann hafi ekki neytt áfengis frá því á laugardagsmorguninn og þangað til blóðið var tekið úr honum. Þegar virt eru þau atriði, sem nú voru rakin, og athugaðar eru skýrslur lögreglumanna, að þeir hafi séð merki áfengisneyzlu á kærða, þá verður að telja, að kærði hafi vegna undanfarinnar neyzlu áfengis verið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika, að akstur hans laugardagskvöldið 2. september og aðfaranótt sunnudagsins 3. september 1945 varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941.

Refsing kærða þykir samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 15 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og með skírskotun til fyrri brota kærða á áfengis- og bifreiðalögum og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga að svipta kærða leyfi til aksturs bifreiðar ævilangt.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda í hæstarétti, kr. 350.00, og skipaðs verjanda í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 550.00.

Rannsókn máls þessa er ekki svo rækileg sem skyldi. Dómara bar að spyrja lögreglumanninn Bergstein Jónsson nánar og láta hann síðan staðfesta skýrslu sína. Þá hefði átt að spyrja menn þá, sem kærði sat að sumbli með að-

faranótt laugardagsins, um vinneyzlu þeirra þá og um það, livenær þeir hættu drykkju. Loks hefði átt að spyrja menn á bifreiðastöð þeirri, er kærði heldur sig á, um akstur hans 2. september og um hátterni hans og hag þann dag.

Dómsorð:

Kærði, Ingibjartur Helgi Magnússon, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði skal sviptur leyfi til aksturs bifreiðar ævilangt.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Magnúsar Thorlacius, kr. 350.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Theódórs B. Líndals, samtals kr. 550.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 7. marz 1945.

Ár 1945, miðvikudaginn 7. marz, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Þórði Björnssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 886/1945: Valdstjórnin gegn Ingibjarti Helga Magnússyni, sem tekið var til dóms 2. f. m.

Mál þetta er höfðað að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins af valdstjórnarinnar hálfu gegn Ingibjarti Helga Magnússyni bifreiðastjóra, til heimilis á Tryggvagötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935 og bifreiðalögum nr. 23 1941.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. september 1906 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1929 $\frac{5}{4}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
- 1930 $2\frac{1}{5}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
- 1930 $\frac{4}{7}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir lögreglubrot.
- 1930 $\frac{2}{11}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1930 $2\frac{5}{11}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1930 $2\frac{8}{11}$ Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.
- 1930 $1\frac{8}{12}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
- 1932 $2\frac{7}{4}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.

- 1934 $\frac{2}{2}$ Dómur hæstaréttar, 300 kr. sekt og svipting ökuskirteinis i eitt ár fyrir brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.
- 1935 $\frac{11}{11}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1937 $\frac{1}{9}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
- 1938 $\frac{1}{4}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1938 $\frac{7}{6}$ Sátt, 15 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1938 $\frac{7}{12}$ Áminning fyrir brot gegn 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1939 $\frac{11}{12}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
- 1940 $\frac{6}{4}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
- 1940 $\frac{3}{9}$ Undir rannsókn vegna ökuóhapps. Fellt niður.
- 1940 $\frac{18}{11}$ Dómur lögregluréttar, 300 kr. sekt og sviptur ökuskirteini ævilangt fyrir brot gegn 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 5. gr. 3. mgr. og 15. gr. sbr. 14. gr. bifreiðalaganna.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 3. september s. l. var dansleikur haldinn í Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Kl. 3.10 um nóttina, er dansleikurinn var úti, voru lögregluþjónarnir Hákon Kristinsson og Bergsteinn Jónsson staddir við Ölfusárbrúna. Vestan megin við hana stöðvuðu þeir bifreiðina R 2451, sem ekið var í áttina til Reykjavíkur, og báðu stjórnanda hennar, sem var kærði, um að sýna ökuskirteini sitt. Í bifreiðinni var einn farþegi, Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri, Baldursgötu 11 hér í bæ. Lögregluþjónarnir álitu kærða undir áhrifum áfengis og tóku hann því fastan. Höfðu þeir hann með sér til Reykjavíkur, þar sem blóðsýnishorn var tekið úr honum.

Hákon Kristinsson og Bergsteinn Jónsson hafa báðir borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar í umrætt skipti. Segir Hákon, að kærði hafi verið með drykkjuraus, reikað örlítið í spori, mæli hans verið óeðlilegt og þvöglulegt, og hafi hann viðurkennt að vera undir áhrifum áfengis. Bergsteinn segir, að framkoma kærða hafi verið ör, augu hans hafi ekki verið eins skýr og í algáðum mönnum, áfengislykt hafi verið úr vitum hans, og hafi hann viðurkennt að hafa neytt áfengis, en ekki tiltekið, hvenær. Hann kveðst ekki hafa séð kærða reika í spori, og hann hafi verið kurteis í framkomu. Þá hafi ekkert athugasvert verið við akstur kærða og hafi hann hemlað bifreiðina, strax er honum var gefið stöðvunarmerki. Hákon hefur unnið eið að framburði sínum, en Bergsteinn vildi ekki vinna eið að sínum framburði „að svo stöddu“.

Kærði skýrir svo frá, að aðfaranótt laugardags 2. september s. l. hafi hann drukkið vín fram undir morgun með kunningjum sínum hér í bænum og orðið mjög ölvaður. Hann hafi svo sofið í nokkrar klukkustundir, eða til kl. 17 um daginn, en síðan farið niður á Bifreiðastöð Íslands og verið þá „timbraður“ og illa fyrir kallaður. Um kvöldið hafi hann farið með áðurgreindan Sigurð Jóns-

son í bifreið sinni, R 2451, sem hann ekur frá Bifreiðastöð Íslands, á dansleik í Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Sigurður hafi verið með vín í bifreiðinni og verið eitthvað kenndur. Kærði kveðst hafa farið á dansleikinn, drukkið þar bjór og dansað, en þeir Sigurður hafi þó ekkert verið saman. Er dansleikurinn var úti, hafi hann hitt Sigurð, þeir farið út í áðurgreinda bifreið og verið nýlagðir af stað, er lögreglumenn hafi stöðvað þá.

Kærði neitar því eindregið að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar í þetta skipti og kveðst ekki hafa neytt áfengis frá því snemma á laugardagsmorgun. Hins vegar viðurkennir hann, að sér hafi liðið mjög illa vegna vındrykkjunnar aðfaranótt laugardags, og af þeim ástæðum verið búinn að biðja kunningja sinn um að aka bifreiðinni frá Ölfusásbrú til Reykjavíkur. Hafi hann ætlað að biðja eftir þessum kunningja sínum vestan megin Ölfusárbrúar. Kærði neitar því að hafa viðurkennt að vera undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn.

Sigurður Jónsson, sem kveðst hafa fengið kærða til að aka sér héðan úr bænum austur að Ölfusárbrú umrætt kvöld, segist hafa farið á dansleikinn í Tryggvaskála og ekki hitt kærða aftur fyrr en við bifreið hans að dansleiknum loknum. Sigurður kveðst hafa verið með vín í bifreiðinni á austurleiðinni, en fullyrðir, að kærði hafi ekki neytt af því, og kvaðst ekki vita til þess, að hann neytti áfengis í þetta skipti. Hann kveðst ekki hafa veitt kærða svo athygli, er þeir lögðu af stað frá Tryggvaskála um nóttina, að hann gæti nokkuð sagt um, hvort hann var þá með vini, en viðurkennir að hafa verið sjálfur undir áfengisáhrifum um kvöldið og nóttina.

Lárus Salómonsson og Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónar voru við löggæzlu á dansleiknum í Tryggvaskála.

Lárus kvaðst þekkja kærða vel í sjón og hafa séð hann í byrjun dansleiksins við inngangsdyrnar. Hafi það þá ekki leynzt, að hann var undir áhrifum áfengis, og það sést bæði á andliti hans og hreyfingum, því að hann hafi verið ör. Lárus kveðst hafa setið við hlið kærða í bifreið til Reykjavíkur og hafi annar lögregluþjónanna, er handtóku hann, sagt honum, að kærði hefði játað brot sitt. Hafi hann því ekki veitt kærða eins athygli og annars hefði verið, en kveðst þó geta fullyrt, að hann hafi ekki verið, eins og hann eigi að sér að vera. Kærði hafi verið ör, talað meira en venjulega sagt, að það, sem hann hefði drukkið, væri svo lítið, spotti sá, er hann hefði ekið, svo stuttur, og hvort mætti ekki þess vegna sleppa þessu alveg, þegar heim kæmi.

Tryggvi Friðlaugsson kveðst hafa séð kærða tilsýndar vera að dansa seinni hluta dansleiksins og ekki getað þá betur séð en að hann væri undir áhrifum áfengis. Útlit hans hafi bent til þess, því að hann hafi verið þrútin í andliti og augu hans verið rauð. Tryggvi kveðst hafa séð kærða, er búíð var að handtaka hann, og

grunað þá strax, að það væri fyrir að aka bifreið undir áfengis-áhrifum, en hann hafi ekki veitt kærða neina sérstaka athygli og farið í annari bifreið en hann til Reykjavíkur. Hann kvaðst hafa heyrt, að kærði viðurkenndi að hafa verið búinn að neyta áfengis, en svo litils, að hann hafi beðið um, að málið yrði felld niður.

Kolbeinn Guðnason bifreiðaviðgerðarmaður, til heimilis að Skarði við Ölfusá, hefur borið það, að hann hafi séð kærða, sem hann kannast við, nokkrum sinnum á dansleiknum og talað að minnsta kosti tvisvar sinnum við hann. Seinast hafi hann séð kærða, nokkru áður en dansleikurinn var úti, við bifreið sína og þá búizt við, að hann ætlaði að fara að leggja af stað af dansleiknum. Hann kveðst ekki hafa getað séð, að kærði væri undir áhrifum áfengis eða hefði neytt þess, og kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann hefði gert það.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorninu úr kærða sýndi, að áfengismagn þess var 1,25 af þúsundi.

Bergsteinn Jónsson byggir þá fullyrðingu sína, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum, aðeins á því, að framkoma hans hafi verið ör, augu hans ekki verið eins skýr og í algáðum mönnum og að áfengislykt hafi lagt úr vitum hans. Lárus Salómonsson segir, að í byrjun dansleiksins hafi það ekki leynzt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, sem hafi bæði sézt á andliti hans og hreyfingum, því að hann hafi verið ör, en þó að hann sæti við hlið kærða í bifreið til Reykjavíkur, segir hann ekki meira um ástand hans þá en að hann hafi ekki verið, eins og hann eigi að sér að vera, aðallega talað meira og verið ör. Tryggvi Friðlaugsson kveðst hafa séð kærða, en aðeins tilsýndar seinni hluta dansleiksins, er hann var að dansa, og ekki getað betur séð en að kærði væri undir áfengisáhrifum. Hafi útlit hans bent til þess, því að hann hafi verið þrútin í andliti, og augu hans verið rauð. Tryggvi kveðst ekki hafa veitt kærða neina sérstaka athygli, er búíð var að handtaka hann. Kolbeinn Guðnason kveðst hafa séð kærða seinast, nokkru áður en dansleikurinn var úti, og ekki getað séð, að hann hefði neytt áfengis.

Þegar þess er sérstaklega gætt, að Bergsteinn Jónsson, sem var annar þeirra lögregluþjóna, sem stöðvuðu kærða í akstri bifreiðarinnar, hefur ekki viljað vinna eið að framburði sínum, að Lárus Salómonsson, sem sat við hlið kærða til Reykjavíkur, treystir sér ekki til að fullyrða, að hann hafi þá verið undir áfengisáhrifum, þó að hann segi, að það hafi ekki leynzt í byrjun dansleiksins, að einkenni þau, er lögregluþjónarnir, að undanteknum Hákoní Kristinssyni, byggja þá skoðun sína, að kærði hafi verið undir áfengisáhrifum á, eru ekki ótvíræðari en þau, er áður greinir, og loks að samkvæmt áfengismagninu í blóðsýnishorninu úr kærða eru litlar líkur fyrir því, að hann hafi verið undir áfengisáhrif-

um, þykir ekki gegn eindregnum mótmælum hans örugg sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2451 undir áhrifum áfengis í umrætt skipti. Þá hefur ekkert komið fram í málinu, er sýni, að kærði hafi verið haldinn slíkri þreytu og sljóleika, að hann hafi ekki getað á tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, heldur hefur annar þeirra lögreglumanna, er stöðvuðu bifreið hans, borið það, að ekkert athugavert hafi verið við akstur hans. Verður því að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu, og ber þá að greiða úr ríkissjóði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Theódórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Sökum sérstakra anna við önnur dómstörf hefur nokkur dráttur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Ingibjartur Helgi Magnússon, skal vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærða, Theódórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1946.

Nr. 135/1945. **Réttvísín** (Hrl. Ragnar Ólafsson)
gegn

Vernharði Eggertssyni (Hrl. Gunnar J. Möller).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Vernharður Eggertsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-